

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 211/2020

2023/EES/70/35

frá 11. desember 2020

um breytingu á VII. viðauka við EES-samninginn (Viðurkenning á
faglegri menntun og hæfi)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/608 frá 16. janúar 2019 um breytingu á V. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB að því er varðar vitnisburð um formlega menntun og hæfi og heiti náms ⁽¹⁾.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 D 0608**: Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/608 frá 16. janúar 2019 (Stjtið. ESB L 104, 15.4.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar ákvörðunar (ESB) 2019/608, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 104, 15.4.2019, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.